



Ársskýrsla Suðurnesjadeildar Sjúkraliðafélags Ísland 2018 – 2019

Aðalfundur deildarinnar var haldinn 25. október 2019 í fundarsal 3 hæð á HSS og mættu 23 sjúkraliðar á þann fund. Fundarstjóri var Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir, fundarritari var Jóhanna Traustadóttir. Steinunn Bára Þorgilsdóttir fór í hlutverk formanns Viktoríu Magnúsdóttur í fjarvist hennar.

Í stjórn eru, Viktoría Magnúsdóttir formaður, Gunnhildur Agnes Þórisdóttir varaformaður, Ingibjörg Anna Bjarnadóttir, gjaldkeri, Matthildur Ólof Guðmundsdóttir, ritari, Íris Ósk Davíðsdóttir, meðstjórnandi, og Grazyna Wróblewska, varamaður. Á myndina vantar Viktoríu Magnúsdóttur.

Stjórnin á eftir að sitja eitt ár en Gunnhildur Agnes Þórisdóttir, varaformaður, ætlar að ganga úr stjórn eftir árið. Ingibjörg Anna Bjarnadóttir, gjaldkeri, ætlar að klára árið og ganga síðan úr stjórn.



Ingibjörgu Önnu voru færð blóm of þökkun störf fyrir deildina.

Lögð var fram fjárhagsáætlun og hún samþykkt.

Endurskoðendur reikninga eru Helga Kristín Guðmundsdóttir og Guðmunda Benediktsdóttir.



Eftir aðalfundardagskrá var haldið upp á 40 ára afmæli Suðurnesjadeildar sem nú telur 136 félagsmenn. Dagskrá hófst með því að Sanda B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, hélt hátíðarræðu í tilefni afmælisins. Fór hún meðal annars yfir vöxt deildarinnar, t.d hefur deildin barist fyrir því að stubbavaktir verði lagðar niður, hina árlegu jólagleði sem hefur tekist vel og hinni sameiginlegu haustferð sem hefur verið vinsæl.



Meðal gesta voru þessi stofnfélagar deildarinnar.

Að lokinni hátíðarræðu var boðið upp á smáréttaveislu frá Veisluþjónustu SoHo. Í lokin kom Jón Halldórsson frá KVAN með erindi um *Liðsheild, Bekkjarbrag og vinnustaðameningu*. Mikil ánægja var hjá fundarmönnum með erindi Jóns Halldórs.

Á síðasta ári voru haldnir 5 stjórnarfundir og á fyrsta stjórnarfundinum þann 31. janúar 2019, skipti stjórnin með sér verkum. Ákveðið var að Gunnhildur Agnes Þórisdóttir yrði varaformaður, Ingibjörg Anna Bjarnadóttir yrði áfram gjaldkeri, Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir yrði áfram ritari, Íris Ósk Davíðsdóttir meðstjórnandi og Grazyna Wróblewska varamaður.

Helstu verkefni þetta árið fyrir utan stjórnarfundir var að Viktoría Magnúsdóttir og Ingibjörg Anna Bjarnadóttir sátu árlegt fulltrúarþing SLFÍ. Að auki sat formaður tvo félagsstjórnarfundir, þriðja félagsstjórnarfundinn sat Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir



ritari. Einnig var formaður fulltrúi á 45. BSRB þingi, sem var mjög áhugavert og skemmtilegt.

Haldin var árleg jólagleði og í þetta sinn var farið á jólahlaðborð á Library bistró/bar á Park Inn hóteli. Þar lék Tríóíð Delízie undir borðhaldi ítölsk jólalög og jólatónlist frá öðrum löndum. Mjög góð mæting var á jólagleðina og skemmtun við okkur konunglega þetta kvöld.

Farið var í hina árlegu haustferð 22. ágúst til Þórsmerkur sem var ævintýrleg og skemmtileg.

Formaður var í sambandi við trúnaðarmenn og fór yfir stöðuna með þeim. Evrópudagur sjúkraliða er haldinn 26. nóvember ár hvert og héldu sjúkraliðar upp á hann með því að hittast á Library Bistró/bar á Park Inn hóteli Reykjanesbæjar og fá sér kaffi og með því. Á árinu vour haldinn voru áhugaverð námskeið í samvinnu við Símenntun.

Næst á að skipta um trúnaðarmenn fyrir 30. september 2020 og eftir það annað hvert ár.

Ása Einarsdóttir, kennari sjúkraliðabrautar í Fjölbrautarskóla Suðurnesja, var við úskrift sjúkraliða um áramót þar sem að einn sjúkraliði útskrifaðist og veitti hún henni viðurkenningu og blóm. Ánægjulegt er að segja frá því að nú eru 16 nemendur sem stunda nám á sjúkraliðabraut skólans.

Stjórnin vill þakka góðar stundir á árinu.

Viktoría Magnúsdóttir, formaður.



Ækljsdlækjsdf
Ælkjdfælksjdf
Ælkjsdfælksjæsd
ælkjdsæflkjsdf